

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Freyjugata 25, Sauðárkróki, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Breytingin felst í að sá hluti húss sem var íþróttasalur verður rifinn og byggður upp að nýju með hærra þaki sem mun hafa sömu mænishæð og „gamla“ skólahúsið. Einnig er gert ráð fyrir að í þeim byggingarhluta verði heimilt að gera 6 íbúðir í stað 4 íbúða. Gert er ráð fyrir nýju stigahúsi austan við endurbyggingu/nýbyggingu, sem stendur utan byggingarreits, og er byggingarreitur stækkaður til samræmis við stærð stigahúss. Loks er um að ræða nýja aðkomu inn að nýjum/endurbyggðum byggingarhluta frá Ránarstíg. Núverandi gildandi deiliskipulag öðlaðist gildi með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 598/2020, 18. júní 2020.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. mars 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 26. apríl 2021.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.